

392. fundur fræðslunefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 24. maí 2018 og
hófst hann kl. 08:10.

Fundinn sátu:

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir formaður, Bragi Rúnar Axelsson varaformaður, Jónas Þór Birgisson aðalmaður, Gunnhildur Björk Elíasdóttir aðalmaður, Elísabet Samúelsdóttir áheyrnarfulltrúi og Sif Huld Albertsdóttir varamaður.

Embættismenn:

Margrét Halldórsdóttir, sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs og Guðrún Birgisdóttir, skóla- og sérkennslufulltrúi.

Fundargerð ritaði: Guðrún Birgisdóttir, Skóla- og sérkennslufulltrúi.

Áheyrnafulltrúar fyrir grunnskólamála: Jóna Benediktsdóttir, fulltrúi grunnskólastjórnenda, Kristín Björk Jóhannsdóttir og Laufey Eyþórsdóttir, fulltrúar kennara.

Áheyrnafulltrúar fyrir leikskólamála: Svava Rán Valgeirsdóttir, fulltrúi leikskólastjórnenda og Catherine Chambers, fulltrúi foreldra leikskólabarna.

Dagskrá:

1. Verkefnalisti fræðslunefndar - 2014030064

Lagður fram verkefnalisti fræðslunefndar.

Gerð var grein fyrir hver staðan væri á þeim verkefnum sem liggja fyrir og eru í vinnslu.

2. Skóladagatöl 2018-2019 - 2018020101

Lögð fram skóladagatöl Grunnskóla Öfundarfjarðar og Grunnskólans á Suðureyri fyrir skólaárið 2018-2019.

Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við skóladagatölin.

3. Reglur um skólaakstur í grunnskólum - 2018020058

Kynnt drög að reglum um skólaakstur í grunnskólum Ísafjarðarbæjar

Fræðslunefnd leggur til að ný fræðslunefnd afgreiði málið.

4. Niðurstöður á högum og líðan barna í Ísafjarðarbæ 2018 - 2018050046

Lögð fram skýrsla um lýðheilsu ungs fólks í Ísafjarðarbæ, með niðurstöðum rannsóknar meðal nemenda í 8., 9. og 10. bekk árið 2018.

Fræðslunefnd þakkar skýrsluna og leggur til að málið sé skoðað frekar, starfsmönnum sviðsins er falið að vinna að málinu í samræmi við umræður á fundinum.

5. Skólapúlsinn, helstu niðurstöður 2017-2019 - 2017060041

Kynnt minnisblað Margrétar Halldórsdóttur, sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs dagsett 23. maí 2018, um niðurstöður skólapúlsins í grunnskólum, vor 2018.

Fræðslunefnd þakkar fyrir greinargóðar upplýsingar.

6. Endurskoðun á skólastefnu Ísafjarðarbæjar - 2016100048

Lögð fram drög vegna endurskoðunar á skólastefnu Ísafjarðarbæjar

Lagt fram til kynningar.

7. Skóladagatal 2018-2019 - 2018050060

Lögð fram skóladagatöl leikskólans Sólborgar, leikskólans Eyrarskjóls, leikskólans Grænagarðs á Flateyri og leikskólans Tjarnarbæjar á Suðureyri fyrir skólaárið 2018-2019.

Fræðslunefnd samþykkir skóladagatölin með þeim fyrirvara að sumarlokun á Sólborg og Eyrarskjóli verði 3 vikur eins og verið hefur og foreldrar velji viku fyrir og eftir lokun.

8. Reiknilíkan fyrir leikskóla Ísafjarðarbæjar - 2017120066

Lagt fram minnisblað frá Guðrúnu Birgisdóttur skóla- og sérkennslufulltrúa dagsett 22.maí 2018, er varðar endurskoðun barngilda á hvern kennara í leikskólum.

Fræðslunefnd þakkar fyrir upplýsingarnar og vísar málinu til nýrrar fræðslunefndar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:20

Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir

Bragi Rúnar Axelsson

Jónas Þór Birgisson

Gunnhildur Björk Elíasdóttir

Elísabet Samúelsdóttir

Sif Huld Albertsdóttir

Margrét Halldórsdóttir

Guðrún Birgisdóttir